



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

34. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 11. maí 2026 kl. 08:30.

Nefndarmenn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Þorkell Þorkelsson

Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti

Fjóla S. Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, deildarstjóri veitna

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

1. Framkvæmdir og fjárfestingar 2026

Farið yfir stöðuna á þeim verkefnum sem eru á framkvæmda- og fjárhagsáætlun ársins 2026.

Lagt fram til kynningar.

2. Umsóknir um varmadælustyrki

a. Umsókn um varmadælustyrk vegna fasteignarinnar Fremriklettur

Fyrir liggur umsókn um varmadælustyrk dags. 12.03.2026 frá Hlöðveri Þór Árnasyni vegna fasteignarinnar Fremriklettur.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að umsækjanda verði veittur styrkur allt að 50% af útlögðum kostnaði í samræmi við reglur hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps um styrki vegna varmadælna.

b. Umsókn um varmadælustyrk vegna fasteignarinnar Árvegur 6

Fyrir liggur umsókn um varmadælustyrk dags. 01.05.2026 frá Inga Birni Leifssyni vegna fasteignarinnar Árvegur 6.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að umsækjanda verði veittur styrkur allt að 50% af útlögðum kostnaði í samræmi við reglur hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps um styrki vegna varmadælna.

c. Umsókn um varmadælustyrk vegna fasteignarinnar Krókur 1

Fyrir liggur umsókn um varmadælustyrk dags. 30.04.2026 frá Jóni Matthíasi Sigurðssyni vegna fasteignarinnar Krókur 1.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að umsækjanda verði veittur styrkur allt að 50% af útlögðum kostnaði í samræmi við reglur hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps um styrki vegna varmadælna.



Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

d. Umsókn um varmadælustyrk vegna fasteignarinnar Stóri-Háls

Fyrir liggur umsókn um varmadælustyrk dags. 17.04.2026 frá Rúnu Jónsdóttur vegna fasteignarinnar Stóri-Háls.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að umsækjanda verði veittur styrkur allt að 50% af útlögðum kostnaði í samræmi við reglur hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps um styrki vegna varmadælna.

3. Vatnsöflun úr Kaldárhöfða – staða verkefnis

Ragnar Guðmundsson kynnti stöðu vatnsöflunar úr Kaldárhöfða. Fyrir liggur að búið er að bora holu sem nýtist til rannsókna á svæðinu og mögulega til vinnslu.

Lagt fram til kynningar.

4. Erindi frá rekstraraðila tjaldsvæðisins á Borg

Fyrir liggur erindi frá rekstraraðila tjaldsvæðisins á Borg um heimild til framkvæmda. Í 3. gr. leigusamnings um tjaldsvæðið kemur fram að allar framkvæmdir á svæðinu eru háðar sérstöku samþykki leigusala. Leigutaki óskar eftir heimild til endurnýjunar á búnaði í þjónustuhúsi. Jafnframt óskar rekstraraðili eftir heimild til að byggja svið í rjóðrinu á tjaldsvæðinu þar sem fyrirhugað er að halda viðburði s.s. lifandi tónlist. Í tillögunni kemur fram að leigutaki leggi sjálfur út fyrir framkvæmdakostnaði sem afskrifast um 20% á ári.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki fyrirhugaðar framkvæmdir í takt við fyrirliggjandi samning. Framkvæmdirnar koma til með að auka þjónustu á svæðinu og auka verðmæti svæðisins.

Smári Bergmann Kolbeinsson vék sæti við afgreiðslu málsins.

5. Fundargerð dags. 30.04.2026 af fundi vegna afréttarmála í Grafningi og Ölfusi

Fyrir liggur fundargerð dags. 30.04.2026 af fundi með fulltrúm frá Grímsnes- og Grafningshreppi og Ölfuss vegna afréttarmála í Grafningsi og Ölfusi.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. Minnisblað um breytingar á efri hæð í íþróttamiðstöð

Fyrir liggur minnisblað dags. 5.5.2026 frá Agnari Þór Helgasyni forstöðumanni íþróttamannvirkja um breytingar á efri hæð í íþróttamiðstöð. Um er að ræða rými þar sem líkamsræktin var áður. Fyrirhugað er að breyta rýminu í starfsmannaaðstöðu og skrifstofu fyrir forstöðumann. Í minnisblaðinu eru lagðar fram tvær tillögur varðandi breytingar á rýminu.

Framkvæmda- og veitunefnd hugnast betur tillaga 1 og felur forstöðumanni íþróttamannvirkja ásamt deildarstjóra framkvæmda, mannvirkja og umhverfis að kostnaðarmeta tillöguna.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:05